

Fundargerð skólaráðsfundur 13. mars 2026

Mætti voru:

Fulltrúar nemenda

Kermit Konstanty Madej 10th grade.

Elín Lucia Eðvarsdóttir Ospina 10th grad.e

Fulltrúar starfsmanna

Elín Melgar Aðalheiðardóttir, umsjónarkennari 5 ára bekkjar fyrir hönd umsjónarkennara

Aron Daði Þórisson, forstöðumaður frístundar, fyrir hönd annarra starfsmanna.

Fulltrúi foreldra

Harry Koppel, gjaldkeri foreldrafélags.

Þessir tilkynntu fjarveru:

Guðrún Regína Skúladóttir 10. b, fulltrúi nemenda.

Stefanía Stefánsdóttir fyrir hönd list- og verkgreinakennara.

Hildur Leifsdóttir, formaður stjórnar Landakotsskóla, fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Elísabet Helgadóttir, fulltrúi foreldra.

Efni fundar:

Við kynntum skóladagatalið fyrir skólaárið 2026-2027,

Sigrún: Fer yfir reglur sem fylgja þegar skóladagatal er unnið: setja inn þessar reglur hér: Sjá leiðbeiningar frá Reykjavíkurborg neðst í þessari fundargerð.

Erfiður mánuður: Segir að í október sé erfiður fyrir alla, spennan sem fylgir skólabyrjun dettur niður, það kólnar og dimmir. Það er haft í huga við gerð dagatalsins.

Umræður í kringum skóladagatalið, almenn ánægja með það.

Skóladagatalið er samþykkt.

Önnu mál

Frá foreldrafélaginu, Harry: Sagði Aroni frá því að foreldrar séu ánægðir með frístund, nýtt skipulag þykir gott. Áhyggjur af að nem. í 3. bekk hafa horfið.

Mikilvægt að aflýsa ekki frístund með mjög stuttum fyrirvara.

Rætt um hvenær nemendur byrja í ágúst í frístund. Ekki hægt að hafa frístund á foreldradögum vegna plássleysis.

Sumir foreldrar vilja ekki heimanám aðrir vilja meira heimanám. Stefna skólans að hafa heimavinnu. Mismunandi heimavinna eftir deildum.

Næsti fundur í lok apríl.



Skóladagatal

Aðalnámskrá:

Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum. Í starfsáætlun kemur fram hvernig þeim 180 skóladögum, sem skóli hefur til ráðstöfunar, er varið. Í áætluninni er skóladagatal birt en þar sést hvenær kennsla hefst að hausti og hvenær henni lýkur að vori. Á skóladagatali þarf að koma fram lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa. Í skóladagatali skulu þeir 10 dagar, sem heimilt er að skerða viðveru nemenda auðkenndir með skýringum.

Stefna skóla- og frístundasviðs

Stefna er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma a.m.k. þrjú starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.

Skóla- og frístundasvið gefur út grunn að skóladagatali sem samþykkt er af skóla- og frístundaráði þar sem búið er að ákveða skólasetningu, skólaslit og vetrarfrí. Sækja þarf sérstaklega um ef skólar óska eftir að breyta þessum dagsetningum hjá sér.

Grunnskólar í Reykjavík hafa leyfi til að hafa einn tvöfaldan dag á skóladagatali, þ.e. skertur dagur seinnipartinn í kjölfar heils skóladags. Skv. álit ráðuneytis er ekki heimilt af hafa tvo skerta daga nemenda sama daginn (t.d. foreldravíðtöl fyrri hluta dags og skólaslit eða árs hátíð síðdegis).

Samráð við frístundaheimili er æskilegt t.d. ef jólafrí lengist vegna þessa, eins er góð vinnuregla að láta starfsfólk frístundastarfs vita af skertum dögum tímanlega.

Kjarasamningur kennara

(sjá nánar í kjarasamning Félags grunnskóla og Sambands íslenskra sveitarfélaga)

Skóladagar nemenda eru lögbundnir og skulu vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní (2.1.5.1).

Undirbúningsdagar kennara undir stjórn skólastjóra skulu vera samtals 8 fyrir upphaf og eftir lok skóladaga nemenda. Undirbúningsdagar á starfstíma nemenda eru 5 (2.1.5.2).

Uppbrotisdagar eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Þeir eru nýttir til óhefðbundins skólastarfs s.s. þemadaga, íþróttadaga og vettvangsferðir. Þeir geta mest orðið 10 á skólaárinu og skal tilgreina á skóladagatali (2.1.6.5).





Skil á skóladagatali

Skólastjóri skilar skóladagatali til fagstjóra grunnskóla ásamt fylgiblaði. Áður þarf skólaráð og kennarar skólans að samþykkja skóladagatalið. Staðfesting skólaráðs skal fylgja þegar skóladagatali er skilað til fagstjóra.

Skóladagatöl eru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar í apríl ár hvert ásamt staðfestingu á samþykki skólaráðs.

Breytingar á skóladagatali

Skólastjóri þarf að sækja skriflega um heimild til að breyta áður samþykktu skóladagatali til sviðstjóra. Þar þarf að gera grein fyrir í hverju breytingin er fólgin og færa fagleg rök fyrir ástæðu breytingarinnar, hvaða degi var breytt og hvernig hann verður.

Einnig þarf þá að fylgja afrit af nýju skóladagatali með þeim breytingum sem óskað er eftir. Samþykkt skólaráðs fyrir breytingunni þarf að liggja fyrir.

Sviðsstjóri þarf svo að samþykkja breytinguna f.h. skóla- og frístundaráðs.

